
Stefna Símans í mannauðs- og jafnréttismálum

Tilgangur

Stefna Símans er að ráða, efla og halda hæfu og traustu starfsfólki. Lögð er áhersla á að skapa gott vinnuumhverfi með sterkri liðsheild, jöfnum tækifærum til þróunar, hvatningu til að sýna frumkvæði, opnum skoðanaskiptum og góðri miðlun upplýsinga. Síminn er vinnustaður þar sem hver einstaklingur er metinn að verðleikum og mismunun byggð á kyni, kynhneigð, kynþætti, þjóðerni eða trúarbrögðum er ekki liðin.

Með stefnunni skal tryggt að Síminn fylgi lögum, reglugerðum og samningum sem snerta jafnréttismál og eru í gildi á hverjum tíma. Með skýrri stefnu vill félagið fara að lögum og vinna með markvissum hætti að því að fyllsta jafnréttis sé gætt og að unnið sé í samræmi við lög um jafna stöðu kynjanna.

Markmið og framkvæmd

Markmið stefnunnar er að tryggja jafna stöðu og jöfn tækifæri starfsfólks auk þess að vera leiðarljós um starfshætti sem stuðla að jafnrétti. Með virkri mannauðs- og jafnréttisstefnu skal tryggja að hver einstaklingur sé metinn að verðleikum og stuðlað sé að betri nýtingu á hæfileikum og þekkingu starfsfólks.

Nýráðningar og starfsþróun

Ráðningar nýs starfsfólks skulu vera óháðar kyni og skulu ráðningar unnar á faglegan hátt þar sem allir umsækjendur eru metnir á sama hátt og fara í gegnum sama ferlið. Lögð er áhersla á að frammistaða og hæfni séu höfð að leiðarljósi við stöðuhækkunar og aðra starfsþróun innan Símans. Jafnframt skal stefnt að jafnri kynjaskiptingu á öllum stigum starfsseminnar og í mismunandi störfum innan sviða.

Fræðsla og endurmenntun

Markmið Símans er að vinnuumhverfið stuðli að faglegum vexti starfsfólks innan fyrirtækisins með markvissri þjálfun, lifandi endurgjöf ásamt fjölbreyttum og krefjandi verkefnum. Í samræmi við jafnréttislög skulu kynin njóta sömu möguleika til sí- og endurmenntunar.

Jöfn laun

Hjá Símanum er lögð áhersla á að konur og karlar njóti sömu launakjara fyrir sambærileg og jafn verðmæt störf. Munur á launum starfsfólks á aðeins að endurspegla mun á ábyrgð og eðli starfa, menntun og frammistöðu í starfi. Mannauðsstjóri og stjórnendur eru skuldbundnir til að viðhalda stöðugum umbótum, eftirliti og bregðast við óútskýrðum launamun og þeim frávikum sem kunna að koma fram við rýni á jafnlaunakerfi Símans.

Heilsa og vinnuumhverfið

Áhersla er lögð á að starfsfólk geti samræmt vinnu og einkalíf með því að veita möguleika á sveigjanlegum vinnutíma. Sveigjanlegur vinnutími virkar í báðar áttir, þ.e. starfsfólk getur sinnt brýnum persónulegum erindum á vinnutíma og sýnir sveigjanleika á móti þegar þörf er á. Tekið skal tillit til heilsufars starfsfólks, foreldra við umönnun ungbarna og erfiðra fjölskylduaðstæðna starfsfólks.

Síminn tekur skýra afstöðu gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi. Einelti, áreitni, ofbeldi eða fordómar vegna kyns, þjóðernis, kynþáttar, kynhneigðar, litarháttar, efnahags, trúarbragða, skoðana eða nokkurs konar stöðu einstaklinga verður ekki liðin. Viðbragðsáætlun og boðleiðir vegna slíkra mála skulu vera öllum sýnilegar og aðgengilegar á innri vef fyrirtækisins.

Umfang og ábyrgð

Stefnan er bindandi fyrir alla stjórnendur og nær til alls starfsfólks Símans.

Mannauðsstjóri ber ábyrgð á stefnunni sjálfri og annast framkvæmd hennar, endurskoðun og kynningu á henni.

Endurskoðun

Endurskoða skal jafnréttisstefnuna á þriggja ára fresti og oftár ef þörf krefur, til að tryggja að hún samrýmist lögum um jafnrétti og stefnu Símans á hverjum tíma. Jafnréttisstefnan er lögð fyrir og staðfest af framkvæmdastjórn Símans og undirrituð af mannauðsstjóra Símans.

Reykjavík, 20. nóvember 2019



Ragna Margrét Norðdahl

Mannauðsstjóri Símans